



Framkvæmdahópur SSH um barnavernd

Lokaskýrsla

Inngangur

Framkvæmdahópur SSH um barnavernd var skipaður af framtíðarhópi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í júní 2011 í kjölfarið á hugmyndasmiðju sem hópurinn stóð fyrir þann 6. apríl sl. Framtíðarhópi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er ætlað að efna til sameiginlegrar stefnumótunar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að mótuð verði framtíðarsýn um sameiginleg viðfangsefni og samvinnu sveitarfélaganna. Aðalviðfangsefni hópsins var því að leita leiða til að efla samvinnu í málefnum sem tengjast barnavernd.

Þátttakendur

Nafn	Sveitarfélag
Ása Arnfríður Kristjánsdóttir	Kópavogur
Bergljót Sigurbjörnsdóttir	Garðabær
Guðríður Guðmundsdóttir	Hafnarfjörður
Halldóra D. Gunnarsdóttir	Reykjavík
Sigrún Hv. Magnúsdóttir	Seltjarnarnes
Stella K. Víðisdóttir	Reykjavík
Unnur V. Ingólfssdóttir	Mosfellsbær
Kristinn T. Gunnarsson	Expectus

Afmörkun verkefnis:

Í upphafi starfsins var farið yfir verkefnablaðið og hópurinn sammæltist um að verkefnið myndi ekki taka til sameiginlegra sértækra úrræða því gert er ráð fyrir því að þau verkefni færast yfir á ríkið skv. nýsamþykktu frumvarpi um barnaverndarlög. Verkefnið mun ekki fjalla um atriði sem kalla á lagabreytingar, þ.e. lögð verður áhersla á tillögur sem rúmast innan gildandi laga.

Verkefnið mun því beinast að því að skoða hvort grundvöllur er fyrir:

1. Sameiginlegum barnaverndarnefndum á höfuðborgarsvæðinu
2. Samrekstri á allri þjónustu sem snýr að barnavernd á höfuðborgarsvæðinu (barnaverndarnefndir og sérfræðingar)
3. Sameiginlegar bakvaktir vegna barnaverndarmála á svæðinu

Leiðarljós verkefnisins verður að:

- a) Samstarf á þessu sviði auki gæði, hraða og/eða áreiðanleika þjónustunnar
- b) Samstarf á þessu sviði lækki kostnað sveitarfélaganna
- c) Samstarf á þessu sviði leiði til betri nýtingar á eignum sveitarfélaganna
- d) Samstarf á þessu sviði auki tekjur sveitarfélaganna
- e) Meta hver verða fjárhagsleg áhrif af samvinnu á þessu sviði
- f) Meta hvert er flækjustigið við skipulag, framkvæmd og innleiðingu mögulegra lausna



Gagnaöflun:

Aflað var gagna um umfang og kostnað við barnavernd hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hér á eftir fer samantekt á þeim gögnum:

Tilkynningar til barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu voru 6.469 árið 2009 og 6.306 árið 2010. Langhæst hlutfall tilkynninga er í Reykjavík (67%), þá Kópavogi (13%), Hafnarfirði (11%), Mosfellsbæ (4%), Garðabæ (2%), Álftanesi (2%) og Seltjarnarnesi (1%).

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4.322	67%	4.238	67%
Kópavogur	766	12%	837	13%
Hafnarfjörður	690	11%	724	11%
Garðabær	158	2%	129	2%
Seltjarnarnes	84	1%	38	1%
Mosfellsbær	350	5%	238	4%
Álftanes	99	2%	102	2%
	6.469	100%	6.306	100%

Rúmur þriðjungur allra tilkynninga til barnaverndarnefnda fellur til á höfuðborgarsvæðinu, eða 68% allra tilkynninga árið 2010.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda eftir landssvæði

	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	6.479	69%	6.306	68%
Landsbyggð	2.848	31%	2.927	32%
	9.327	100%	9.233	100%

Þegar uppruni tilkynninga fyrir landið í heild er skoðaður kemur í ljós að langstærsta hlutfallið kemur frá lögreglu (50%), þá koma skólar, sérfræðipjónustur, fræðslu- eða skólaskrifstofur (10%), foreldrar (9%), nágrannar (8%), læknar (7%), ættingjar (5%), aðrar barnaverndarnefndir (2%), leikskólar (2%), þjónustumiðstöðvar/starfsmenn félagsþjónustu (2%), barnið sjálft (1%) og aðrir (5%).



Tilkynnendur

	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	4.625	50%	4.599	50%
Skóli	904	10%	902	10%
Foreldrar	833	9%	895	10%
Nágrannar	727	8%	674	7%
Læknir/heilsug.	635	7%	629	7%
Ættingjar	481	5%	413	4%
Önnur barnav.nefnd	222	2%	178	2%
Leikskóli	201	2%	133	1%
Þjónustumiðstöð/félagspj.	196	2%	177	2%
Barnið sjálft	47	1%	52	1%
Aðrir	456	5%	581	6%
	9.327	100%	9.233	100%

Þegar ástæður tilkynninga eru skoðaðar á landsvísu kemur í ljós að áhættuhegðun er algengasta orsökina (47%) og þar fer mest fyrir afbrotum barna (21%). Vanrækslu er um að kenna í 31% tilfella en þar er vanræksla varðandi umsjón og eftirlit (26%) algengust. Þar á eftir kemur ofbeldi í 22% tilvika.

Ástæður tilkynninga

	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun	4.321	46%	4.366	47%
Vanræksla	3.236	35%	2.818	31%
Ofbeldi	1.730	19%	1.995	22%
Ófætt barn í hættu	40	0%	54	1%
	9.327	100%	9.233	100%

Bakvaktir:

Í nýlegri skýrslu var gerð úttekt á hagkvæmni þess að sameina bakvaktir í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði (Bakvaktir í barnavernd, Hafnarfjörður/Garðabær/Kópavogur, júní 2011, Vilmar Pétursson og Friðfinnur Hermannsson) og þar má sjá töflur með yfirliti yfir umfang bakvakta.

Niðurstaða skýrsluhöfunda er að ná má allt að 30% sparnaði með því að sveitarfélögin þrjú sameinist um bakvaktir. Heildarkostnaður sveitarfélaganna þriggja m.v. framreiknaðan raunkostnað árið 2010 lækkaði úr 10,3 m.kr. í 6,9 m.kr. Munar þar mestu um að fastur kostnaður deilist á fleiri aðila, en hann var hæstur hjá Kópavogsbæ, 4,4 m.kr. árið 2010. Það sama á við ef að fleiri sveitarfélög sameinast um bakvaktir, fastur kostnaður dreifist þá á enn fleiri aðila með tilsvarendi sparnaði.



Barnaverndarnefndir:

Heildarkostnaður sveitarfélaganna sex við rekstur barnaverndarnefnda er áætlaður 11,3 m.kr. árið 2010 eins og sést í meðfylgjandi töflu.

Kostnaður við barnaverndarnefndir

	2008		2009		2010	
	Kostnaður	Hlutfall	Kostnaður	Hlutfall	Kostnaður	Hlutfall
Reykjavík	6.557.547	54%	6.125.748	57%	6.125.749	54%
Kópavogur	1.822.130	15%	1.423.510	13%	1.723.828	15%
Hafnarfjörður	2.351.000	19%	1.878.000	17%	1.825.000	16%
Garðabær	657.029	5%	601.313	6%	702.420	6%
Seltjarnarnes	0	0%	0	0%	129.000	1%
Mosfellsbær	793.034	7%	789.484	7%	799.267	7%
	12.180.739	100%	10.818.054	100%	11.305.263	100%

Í Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi eru barnaverndarnefndir hluti af fjölskyldunefnd/félagsmálaráði þar sem sinnt er samhliða verkefnum á sviði félagsþjónustu, húsnæðismála og jafnréttismála, það er því óvíst hversu mikill fjárhagslegur sparnaður yrði af sameiningu barnaverndarnefnda þar sem nefndir starfa áfram þrátt fyrir að verkefnum fækki.

Tillögur hópsins:

1. Sameiginlegar bakvaktir:

- Niðurstöður Capacent (Bakvaktir í barnavernd, Hafnarfjörður/Garðabær/Kópavogur, júní 2011, Vilmar Pétursson og Friðfinnur Hermannsson) eru skýrar hvað það varðar að hagstætt er að sameinast um bakvaktir. Sparnaður við samrekstur í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði yrði um 30% skv. skýrslunni.
- Í minnisblaði félagsmálastjóra Mosfellsbæjar frá október 2005 kemur að kostnaður við að koma upp sjálfstæðri bakvakt í Mosfellsbæ yrði kr. 6.185.226, uppfært m.v. launavísitölu væri sá kostnaður kr. 7.509.056 í dag.
- Þegar ríkið tekur yfir sameiginleg sértæk úrræði sem áætlað er að gerist 1. janúar 2013 skv. nýsamþykktum barnaverndarlögum, skapast umhverfi til að útvista bakvöktum á öllu höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn leggur til að við það tækifæri verði gerð tilraun með sameiginlegar bakvaktir á öllu höfuðborgarsvæðinu, t.d. til tveggja ára og sjá hvernig til tekst.
- Bent er á að langflest útköll koma í gegnum lögregluna (112) og gæti slík bakvakt verið staðsett hjá Neyðarlínunni.
- Fundarmenn voru sammála um að tvær útfærslur koma til greina:
 - a) Öll sveitarfélög í SSH rækju sameiginlegar bakvaktir (200.000 íbúar)
 - b) Öll sveitarfélög önnur en Reykjavík sameinuðust um bakvaktir (Reykjavík 120.000 íbúar, önnur sveitarfélög til samans 80.000 íbúar)

Hópurinn leggur til að skipaður verði starfshópur sem fær m.a. það verkefni að reikna út hvað sameiginleg bakvakt á höfuðborgarsvæðinu myndi kosta miðað við gefnar forsendur, hvernig kostnaður myndi skiptast milli sveitarfélaga og bera saman við núverandi kostnað sveitarfélaganna af bakvakt. Jafnframt þarf hópurinn að kortleggja hvaða mannaflí væri til taks í



öllum sveitarfélögum samanlagt og hvaða áhrif breytingarnar hefðu á álag á starfsmenn sem sinna þjónustunni.

2. Sameining barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu:

Við skoðun á sameiningu barnaverndarnefnda var m.a. litið til Noregs en þar eru svokallaðar fylkisnefndir sem ná yfir stór svæði.

Farið var yfir kosti og galla þess að sameina barnaverndarnefndir og kostirnir eru mun fleiri og í raun yfirgnæfandi:

Helstu kostir:

- Aukin sérfræðiþekking
- Auðveldara aðgengi að nefndinni
- Fundað oftari
- Nefndarmenn geta haft atvinnu af setu í nefndinni
- Jafnræði í málsmeðferð á öllu höfuðborgarsvæðinu
- Ekki eins mikil nálægð við skjólstæðinga
- Komist hjá göllum þess að skipað er pólitískt í nefndirnar (fáir vilja taka að sér setu, stoppa stutt og lítil sérþekking)
- Minni kostnaður

Helsti ókosturinn er takmarkaðri þekking á staðháttum en spurningin er hvort það er ekki jafnvel kostur líka.

Fordæmi eru fyrir samrekstri barnaverndarnefnda hér á landi, t.d. á Ísafirði og í Þingeyjarsýslu. Hópurinn leitaði þangað eftir reynslu af samrekstri og niðurstaðan er sú að almennt hefur samreksturinn gengið vel faglega, en ljóst er að vel þarf að halda utan um samstarfið og komast þarf hjá óþarflega flóknu skipulagi t.d. á kostnaðarskiptingu.

Það er niðurstaða hópsins að öll skilyrði fyrir sameiningu barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu séu fyrir hendi og að heimild sé fyrir því bæði í sveitarstjórnar- og barnaverndarlögum. Hópurinn leggur því til að stefnt verði að sameiningu barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu og sameinuð nefnd hefji störf 1. janúar 2013. Nefndin verði skipuð eingöngu fagfólki til fjögurra ára í senn. Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem vinni að undirbúningi breytinganna.

3. Samrekstur á allri þjónustu sem snýr að barnavernd á höfuðborgarsvæðinu (barnaverndarnefndir og sérfræðingar):

Þegar rætt var um samrekstur á allri þjónustu barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu var hópurinn sammála um að kostirnir væru fáir. Helstu ókostir eru taldir:

- Verður stórt bákn



- Tengsl við nærsamfélagið rofnar
- Þjónustan færir frá íbúunum
- Tenging við félagsþjónustu í sveitarfélögum rofnar

Rætt var um að hugsanlega gæti verið skynsamlegt að sameina meðferð á þyngstu málunum svipað og Reykjavíkurborg gerir með þjónustu sem veitt er í þjónustumiðstöðum vs. barnavernd Reykjavíkur.

Það er engu að síður niðurstaða hópsins að auka má samstarf t.d. með sameiginlegum aðgangi að sérfræðingum eins og sálfræðingum, lögfræðingum, tilsjónaraðilum og eftirlitsaðilum. Hópurinn leggur því til að stofnaður verði starfshópur um aukið samstarf á þessum vettvangi. Verkefni hópsins gæti m.a. tekið til eftirfarandi:

- a) Yfirferð yfir reglur og gjaldskrá (t.d. fyrir lögfræðiþjónustu)
- b) Sameiginleg fræðsla og handleiðsla fyrir starfólk
- c) Klínískar málstofur
- d) Yfirferð yfir „Case Studies“
- e) Möguleikar á samstarfi um tilsjónarmenn og eftirlitsaðila
- f) Samstarf um kaup á vinnu tengdri greiningu á forsjárhæfni, öðrum greiningum og prófum.

Lagt er til að hópurinn verði stofnaður hið fyrsta.

Reykjavík 30. ágúst 2011

Ása Arnfríður Kristjánsdóttir
Bergljót Sigurbjörnsdóttir
Guðríður Guðmundsdóttir
Halldóra D. Gunnarsdóttir
Sigrún Hv. Magnúsdóttir
Stella K. Víðisdóttir
Unnur V. Ingólfssdóttir